

Nd.

## 714. Frumvarp til laga

[315. mál]

um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

### 1. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán sem Bjargráðasjóður tekur, allt að 15 millj. króna. Lánið má vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu eða jafngildi 15 millj. króna í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, verðtryggingar, vaxta og annars kostnaðar.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og kunnugt er varð verulegt tjón víða um land í óveðri sem gekk yfir landið aðfaranótt 17. febrúar s. l. Hinn 19. febrúar s. l. óskaði ríkisstjórnin eftir því við Samband íslenskra sveitarfélaga að það tæki saman yfirlit yfir tjón sem urðu í óveðrinu aðfaranótt 17. febrúar. Skrifstofa Sambands ísl. sveitarfélaga hefur nú tekið saman yfirlit yfir tjónið og nær yfirlitið til alls 86 sveitarfélaga, aðallega á svæðinu frá Rangárvallasýslu að sunnan, vestur og norður um allt til Eyjafjarðar. Í yfirlitinu eru greindir 616 tjónþola, meginhlutinn einstaklingar, en meðal tjónþola eru einnig allmörg fyrirtæki, opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög. Tjónayfirlitið er byggt á skýrslum sem borist hafa skrifstofu Sambands ísl. sveitarfélaga, þ. e. fyrst og fremst matsgjörðum dómkvaddra matsmanna en í öðrum tilvikum af matsgjörðum matsmanna tryggingarfélaganna og mati úttektarmanna í einstökum hreppum. Í undantekningartilvikum eru tjónaupplýsingar byggðar á öðrum gögnum.

Í yfirlitinu er einungis um að ræða tjón sem nema 5 000 kr. eða hærrí fjárhæð hjá einstökum tjónþola. Lægri tjónum var sleppt svo og bifreiðatjónum. Tjón sem skýrslur hafa borist um og teknar eru inn í yfirlitið nema 16 377 641 kr. Þar af nema afurðatjón (aðallega í gróðurhúsum) 1 180 950 kr. Enn vantar upplýsingar um tjón í Kópavogi, Njarðvík og Keflavík. Ef frá framangreindri tjónafjárhæð, 16 377 641 kr., er dregin fjárhæð sem nemur 5 000 kr. á hvern tjónþola (eða 5 000x616), eða 3 080 000 kr., næmu tjónin þannig reiknuð 13 257 671 kr., en til viðbótar má reikna með einhverri fjárhæð vegna tjóna sem skýrslur hafa ekki borist um. Eins og fram kemur af framansögðu varð tjón í óveðrinu hinn 17. febrúar s. l. mjög verulegt og þungbært fyrir marga þá sem fyrir því urðu. Ríkisstjórnin hefur nú falið Bjargráðasjóði að annast lánafyrirgreiðslu til þeirra tjónþola er verst urðu úti. Til þess að gera Bjargráðasjóði mögulegt að annast þessa lánafyrirgreiðslu er nauðsynlegt að afla honum lánsfjár og jafnframt ábyrgðarheimilda vegna fyrirhugaðrar lántöku, en Bjargráðasjóður hefur ekki aðrar tryggingar fyrir lánunum er sjóðurinn tekur.